

Þriðjudaginn 29. nóvember 1988.

Nr. 380/1988. **Ákærvaldið**

gegn

Steini Ármanni Stefánssyni

Kærumál. Úrskurður héraðsdómara um að víkja sæti felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Guðrún Erlendsdóttir og Hrafn Bragason.

Ríkissaksóknari skaut hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 18. þ.m. samkvæmt heimild í 1. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. 2. mgr. 174. gr. sömu laga. Hann krefst þess „að úrskurðurinn verði felldur úr gildi og að málið verði tekið til dómsmeðferðar í sakadómi Reykjavíkur og uppkveðinn í því efnisdómur samkvæmt ákæru útgefinni 11. f.m.“ á hendur ákærða.

Frá Ármanni Kristinssyni hafa ekki borist kröfur eða greinargerð.

Ástæður þær sem héraðsdómari greinir í úrskurði sínum þykja ekki valda því að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavexti í máli ákærða. Verður því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er úr gildi felldur.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 11. nóvember 1988.

Ár 1988, föstudaginn 11. nóvember, var úrskurður þessi kveðinn upp á dómþingi sakadóms, sem háð var af Ármanni Kristinssyni sakadómara að Borgartúni 7 í Reykjavík.

Með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 11. október 1988, er Steinn Ármann Stefánsson sjómaður, Spóahólum 14, Reykjavík, fæddur 7. október 1966 í Hafnarfirði, ákærður fyrir líkamsárás samkvæmt 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981.

Anna Guðmunds, móðir ákærðs, hefur unnið með dómara þessa máls í sakadómi síðastliðin 10 ár, og hefur samstarf þeirra verið þannig, að á betra varð ekki kosið. Dómarinn hefur beinan hag af því að samvinnan haldist óbreytt, en Anna er forstöðumaður skráningar og skjalageymslu sakadóms.

Í skýrslu sinni um geðhagi ákærðs Steins segir Högni Óskarsson geðlæknir meðal annars um samband þeirra ákærðs og Önnu móður hans: „Því virðist hún, ef eitthvað, hafa ofverndað hann í gegnum tíðina. Talar hún um náíð samband þeirra, og kemur það þannig stundum fyrir sjónir sem allt of náíð, þannig að Önnu gengur oft illa að greina sínar tilfinningar og hugsanir frá Steins“.

Dómari telur hættu á því, að hann fái ekki litið óhlutdrægt á málavöxtu. Með vísan til 7. tl. 36. gr. laga nr. 85, 1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 2. mgr. 15. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála vikur hann því sæti í málinu.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Dómari vikur sæti í máli þessu.

Föstudaginn 2. desember 1988.

Nr.334/1988. **Hlynur Antonsson**

gegn

Kreditkortum hf.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Hlynur Antonsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 1.080,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir að nýju.